



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Heimild Fjarskipta hf.

**til notkunar á UHF tíðnum
fyrir stafrænt sjónvarp á landsvísu skv. DVB-T staðli.**

7. júlí 2017

1. gr.
Tíðnir

Með vísan til IV. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003 veitir Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) Fjarskiptum hf., kt. 470905-1740, Ármúla 13a, 108 Reykjavík, (hér eftir nefnt rétthafi), heimild til notkunar á tveimur UHF rásum til stafrænna sjónvarpsútsendinga með DVB-T tækni samkvæmt eftirfarandi skilmálum.

Á höfuðborgarsvæðinu frá Hafnarfirði til Mosfellsbæjar er rétthafa heimilað að nota rásir nr. 26, 27 og 28 eftir nánari ákvörðun PFS.

Utan höfuðborgarsvæðisins verður rétthafa heimilað að nota allt að 3 UHF rásir á hverjum stað, eftir nánari ákvörðun PFS.

Sérhver UHF rás er með 8 MHz bandbreidd á tíðnisviðinu 470 – 686 MHz.

2. gr.
Notkun rása

Rásirnar skulu notaðar til stafrænna útsendinga samkvæmt DVB-T staðli, á sjónvarpsdagskrám og þjónustu sem þeim tengist.

Rétthafi getur sótt um að fá að nýta hluta tíðnisviðsins fyrir gagnaflutningsþjónustu. Sjónvarpsútsendingar skulu þó ávallt hafa forgang umfram gagnaflutningsþjónustu, hvort sem um er að ræða eigin sjónvarpsdagskrár eða sjónvarpsdagskrár annarra aðila sem sækja um aðgang að dreifinetinu. PFS ákveður í hverju tilviki hvort heimilað verður að veita gagnaflutningsþjónustu á netinu.

3. gr.
Skilvirk notkun

Byggt skal einnar tíðni net (SFN) á höfuðborgarsvæðinu frá Hafnarfirði til Mosfellsbæjar.

Utan höfuðborgarsvæðisins verður rétthafa heimilað að nota allt að 3 UHF rásir á hverjum stað eftir nánari ákvörðun PFS til uppbyggingar á fjöltíðnineti (MFN).

Rétthafi á því aðeins rétt á fleiri en einni rás að hann dreifi a.m.k. 5 mismunandi dagskrám á viðkomandi landssvæði innan tveggja ára frá úthlutun réttinda. Innan sömu tímamarka skulu hafnar útsendingar á a.m.k. einni dagskrá á háskerpuformi (HDTV). PFS getur fellt niður heimild til notkunar á rásum ef þessari kröfu er ekki fullnægt.

Verði notkun rásar hætt, og ekki hafin aftur innan fjögurra mánaða, fellur heimild til notkunar á viðkomandi rás sjálfkrafa niður.

4. gr.
Útbreiðslusvæði

Útsendingar dreifinetsins skv. DVB-T staðli á UHF tíðnisviði skulu að lágmarki ná til 98 % heimila í landinu, a.m.k. með 1 rás. Sviðsstyrkur skal vera fullnægjandi á öllu útbreiðslusvæðinu.

5. gr.
Útbreiðsla þjónustu

Yfir gildistíma tíðniheimdarinnar skal útbreiðsla rétthafa á stafrænum sjónvarpsútsendingum með DVB-T tækni ekki vera minni en hún er við endurnýjun hennar þann 7. júlí 2017.

6. gr.
Gæði þjónustu

Með vísan til 1. mgr. 45. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 áskilur PFS sér rétt til að setja reglur um lágmarkskröfur um útsendingargæði og öryggi.

7. gr.
Netbúnaður

Allur radíóbúnaður sem notaður verður skal vera CE-merktur af framleiðanda til staðfestingar á því að búnaðurinn uppfylli kröfur R&TTE tilskipunarinnar (1999/5/EC).

Rétthafi skal tryggja að búnaður í hans umráðum valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum löglegum fjarskiptum.

Rétthafa ber að tilkynna PFS um truflanir sem honum eru kunnar hvort sem þær eru af völdum hans nets eða á því.

PFS getur gert kröfur um breytingar á búnaði í því skyni að koma í veg fyrir vanda vegna truflana. Rétthafi skal fyrir eigin reikning hlíta fyrirmælum PFS um að bæta úr truflanavanda sem stafar af búnaði hans.

PFS getur látið innsigla búnað, sem veldur alvarlegum truflunum eða bannað notkun hans sbr. 64. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Ef um verulegar og skaðlegar truflanir er að ræða sem ekki reynist unnt að koma í veg fyrir getur PFS afturkallað heimild til tíðninotkunar.

Rétthafi skal gera ráðstafanir til að halda í lágmarki áhættu almennings af rafsegulgeislun sem stafar frá dreifinetinu. Leitast skal við að staðsetja fjarskiptavirki þar sem almenningur verður fyrir sem minnstum áhrifum af slíkri geislun.

Rétthafi skal fara eftir fyrirmælum og reglum sem stjórnvöld kunna að setja um rafsegulgeislun þ.m.t. að fylgt sé ákveðnum stöðlum.

Ef í ljós kemur að rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum er yfir viðmiðunarmörkum í reglum eða viðeigandi stöðlum skal rétthafi bæta úr því án tafar eða að öðrum kosti hætta notkun viðkomandi fjarskiptavirkis.

Ef samanlögð rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum sem staðsett eru nálægt hvert öðru fer yfir viðmiðunarmörk, án þess að nokkur einstakur búnaður fari yfir mörkin, skal það fyrirtæki sem síðast setti upp búnað bæta úr ástandinu eða hætta notkun búnaðar.

8. gr. Gildistími

Heimild þessi gildir í 12 ár frá útgáfudegi hennar, 8.júlí 2017. PFS getur þó fellt niður réttindi til notkunar á tíðnum á gildistímanum ef alþjóðlegar skuldbindingar knýja á um breytingar á tíðniskipulagi hvað þessar tíðnir varðar. Slíkar aðgerðir skal tilkynna með hæfilegum fyrirvara.

9. gr. Gjöld

Rétthafa ber að greiða skilvíslega þau gjöld til PFS sem kveðið er á um í lögum og gjaldskrá hverju sinni. Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu gjöld sem PFS innheimtir af rétthöfum miðað við núgildandi lög og gjaldskrá. Einhverjir liðir kunna að taka breytingum á gildistíma heimildar þessarar.

Leyfisbréf fyrir útvarpssenda

Samkvæmt 2. gr. gjaldskrár PFS nr. 1115/2006 skal greiða kr. 2.500 fyrir útgáfu leyfisbréfs fyrir uppsetningu hvers sjónvarpssendis.

Árleg gjöld

Rétthafi greiðir árleg gjöld skv. gildandi lögum, reglum, og gjaldskrá PFS hverju sinni, fyrir tíðninotkun og starfrækslu sendibúnaðar.

Fjarskiptafyrirtæki skulu árlega greiða PFS rekstrargjald sem nemur 0,38 % af bókfærðri veltu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fyrirtæki hafa af fjarskiptastarfsemi sinni hér á landi. Rekstrargjald skal miða við næsta almanaksár á undan ákvörðun gjaldsins.

Rétthafa ber að greiða árlegt gjald fyrir sjónvarpssenda skv. lögum um PFS eins og þau eru hverju sinni.

Samkvæmt 22. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 skal jöfnunargjald vegna alþjónustu lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Jöfnunargjald er nú 0,10% af bókfærðri veltu skv. 2. mgr. Skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af PFS og er hugsanlegt að slík endurskoðun leiði til breytinga á álagningarprósentu á gildisstíma réttinda.

10. gr. Skuldbindingar í tilboði

Heimild þessi er endurútgáfa tíðniheimildar sem upphaflega var gefin út í samræmi við tilboð rétthafa í útboði PFS á UHF tíðnum fyrir stafrænt sjónvarp á landsvísu skv. DVB-T staðli, sem auglýst var 1. apríl 2005. Auk þeirra skilyrða sem eru sérstaklega greind í heimild þessari ber rétthafi skylda til að haga starfrækslu dreifinetsins í samræmi við það sem segir í tilboði hans.

11. gr. Alþjóðlegar skuldbindingar

Rétthafi skal taka mið af kvöðum samkvæmt alþjóðlegum samþykktum um notkun tíðna.

12. gr.
Aðgangur

Rétthafa ber að veita öðrum aðgang að dreifinetinu í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

13. gr.
Framsalsbann

Heimild þessi er ekki framseljanleg.

14. gr.
Áskilnaður um breytingar

PFS er heimilt að breyta skilyrðum heimildar þessarar til samræmis við breytingar á lögum og reglugerðum og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks. Leiði breytingar á gildistíma heimildar til skerðinga á réttindum öðlast rétthafi ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

Komi í ljós innan tveggja ára frá útgáfu heimildar tæknilegir annmarkar á notkun þeirra rása sem rétthafa hefur verið úthlutað, getur hann óskað eftir að fá úthlutað öðrum rásum í stað þeirra fyrri þar sem það á við. Það byggist alfarið á mati PFS hvort slíkar beiðnir verða samþykktar.

15. gr.
Viðurlög

Ef rétthafi uppfyllir ekki skilyrði sem sett eru fyrir úthlutun tíðna þ.m.t. þær skuldbindingar sem fram koma í tilboði hans, getur PFS lagt á hann dagsektir eða fellt niður réttindi til tíðninotkunar ef um alvarleg og endurtekin brot er að ræða sbr. XVI. kafla laga um fjarskipti.

16. gr.
Annað

Tíðniheimild þessi er endurútgáfa fyrri heimildar, dags. 8. júlí 2006, með þeirri breytingu að bætt er við einni rás fyrir háskerpusjónvarp HDTV, sbr. 1. og 3.gr.

Gildistími heimildarinnar er óbreyttur til og með 8.7.2029, sem er 12 ár frá útgáfu, sbr. 7.gr.

Póst- og fjarskiptastofnun, 7. júlí 2017

Björn Geirsson, f.h. forstjóra

Þorleifur Jónasson